

# Reglur um leikskólalþjónustu

1. [Umsókn um leikskóla](#)
2. [Innritun](#)
3. [Umsókn um flutning milli leikskóla](#)
4. [Ferli uppsagna elsta árgangs leikskólans](#)
5. [Forgangur](#)
6. [Systkinaforgangur](#)
7. [Tímabil aðlögunar, dvalarsamningur og uppsögn](#)
8. [Opnunartímar, skipulagsdagur og sumarlevfi leikskóla](#)
9. [Skilyrði fyrir leikskóladvöl](#)
10. [Veikindi barna](#)
11. [Sérkennsla](#)
12. [Skólalþjónusta](#)
13. [PMTO – styðjandi foreldrafærni og SMT skólafærni](#)
14. [Gjaldskrá og afsláttarflokkar](#)
15. [Kostnaður við leikskólagöngu barns](#)
16. [Undantekningar frá kröfu um lögheimili á Akureyri og framlag Akureyrarbæjar til annarra sveitarfélaga vegna leikskóladvallar barna með lögheimili á Akureyri:](#)
17. [Erlendar fjölskyldur:](#)

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Akureyrarbæjar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum bæjarins. Þessar reglur gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum nr. 76/2003 með síðari breytingum.

## 1. Umsókn um leikskóla:

Á heimasíðu Akureyrarbæjar <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/leikskolar> er að finna lista í stafrófsröð yfir alla leikskóla sem reknir eru á Akureyri.

Foreldrar sækja um leikskóla á rafrænu formi á heimasíðu Akureyrarbæjar <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/leikskola> Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn á fræðsluviði Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, sími: 460-1455. **Hægt er að sækja um leikskóla þegar barn hefur fengið nafn og kennitölu.**

**Mikilvægt er að umsóknum hafi verið skilað inn fyrir 1. febrúar árið sem óskað er eftir innritun fyrir barnið. Þar sem innritun barna í leikskóla fer fram með rafrænum hætti er mikilvægt að foreldrar yfirfari vel þau netföng sem gefin eru upp á umsókninni.**

## 2. Innritun:

### Umsókir og innritun í leikskóla:

1. Foreldrar sækja um ákveðna leikskóla í aðalval og hefur sá leikskóli ákveðið vægi í innritunarferlinu. **Umsóknum er raðað inn eftir kennitölum í þá skóla sem settir eru í aðalval.** Þegar umsóknir úr aðalvali hafa verið afgreiddar og enn eru laus pláss í viðkomandi skóla, er umsóknum úr varavali raðað inn eftir kennitölum.
2. Ef ekki er hægt að verða við óskum foreldra um þann leikskóla sem þeir setja í aðalval á umsókn um leikskóla, er þeim umsóknum raðað inn í þá skóla sem settir eru í varaval. Unnið er með þessar umsóknir eftir að innritun úr aðalvali er lokið. Þetta þýðir að umsókn úr varavali fer ekki fram fyrir umsókn í aðalvali hvers skóla fyrir sig.

3. Ef foreldrar sækja eingöngu um einn skóla og fá ekki tilboð um innritun barna sinna í hann er þeim boðið leikskólapláss annarstaðar
4. Í leikskólum Akureyrarbæjar eru fimm árgangar. Undanfarin ár hafa börn verið innrituð úr yngsta árganginum þ.e. 18 mánaða gömul. Viðmiðið er að barn hafi náð að lágmarki 18 mánaða aldri í septembermánuði. Markmið Akureyrarbæjar er að innrita 12 mánaða gömul börn að loknu fæðingarorlofi þegar lenging fæðingarorlofs úr 9 í 12 mánuði verður raunin. Ef laus pláss eru til staðar í leikskólum að hausti fá foreldrar 17 mánaða barna fyrst tilboð um innritun barns og svo foreldrar 16 mánaða barna.
5. Í byrjun marsmánaðar ár hvert hefst aðalinnritun barna í leikskólana. Þá er innritað í þau pláss sem losna þegar elsti árgangur leikskólans hættir vegna grunnskólagöngu.
6. Foreldrar fá tilboð um leikskóla fyrir barn sitt, að jafnaði, árið sem það verður 2ja ára.
7. Langflest verðandi grunnskólabörn hætta í leikskólum í ágústmánuði. Af þeim sökum fer langmest aðlögun barna fram þá.
8. Foreldrar segja upp leikskólaplássum með mánaðar fyrirvara. Því liggja sjaldnast fyrir upplýsingar um laus leikskólapláss nema með mánaðar fyrirvara (undantekning er þó hvað varðar uppsagnir elstu barnanna, þar sem þær upplýsingar berast í febrúar)
9. Eftir að búið er að fylla í öll pláss í leikskóla er ekki hægt að bregðast við umsóknum eða beiðnum um flutning þangað, fyrr en uppsögn berst úr viðkomandi leikskóla.
10. Ef losna pláss í leikskólum yfir vetrartímann getur þurft að taka tillit til aðstæðna hvers skóla við innritun í þau pláss s.s. vegna aldurssamsetningar á deildum og á Hólmasól getur þurft að taka tillit til kyns í kjörnum skólans.
11. Skuldi foreldrar þrjá mánuði er barni þeirra sagt upp í leikskólanum. Barnið eða önnur börn þessara foreldra verða ekki innrituð í leikskóla fyrr en búið er að gera upp eða semja um skuldina. Sjá nánar í lið 15.

### **3. Umsókn um flutning milli leikskóla:**

**Foreldrar sækja um flutning milli leikskóla á rafrænu formi á íbúagátt Akureyrarbæjar <https://ibuagatt.akureyri.is/>** Þegar umsókn berst er henni raðað inn á biðlistann eftir kennitölu barnsins, á sama hátt og öðrum umsóknum. *Mikilvægt er að umsókn um flutning sé skilað inn fyrir 1. febrúar árið sem óskað er eftir að flutningur eigi sér stað. Ekki er hægt að tryggja flutning milli leikskóla á árinu, ef umsóknin berast eftir 1. febrúar*

### **4. Ferli uppsagna elsta árgangs leikskólans:**

Í febrúarmánuði ár hvert skila foreldrar barna sem eru að ljúka leikskólagöngu vegna aldurs, upplýsingum um hvenær börn þeirra koma til með að hætta í leikskólanum.

Út frá þeim upplýsingum gerir hver leikskóli innritunaráætlun sem hann leggur fyrir fræðsluvið í síðasta lagi í lok febrúar ár hvert.

### **5. Forgangur:**

Hægt er að óska eftir forgangi í leikskóla vegna:

- a) barna með sérþarfir. Greining þarf að vera fyrirliggjandi frá viðurkenndum greiningaraðilum s.s. greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sálfræðingum og/eða barnalæknum. Forgangsbeiðnir skulu berast skriflegar og rökstuddar gögnum frá viðkomandi aðilum.
- b) barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati fjölskyldusviðs og lækna. Forgangsbeiðnir skulu berast skriflegar og rökstuddar gögnum frá fjölskyldusviði.

c) annarra aðstæðna. Forgangsbeiðnir skulu berast skriflegar og rökstuddar gögnum.

Matshópur á fræðslusviði metur beiðnir um forgang sem berast.

#### 6. Systkinaforangur:

Börn sem eiga systkini í leikskóla ***njóta forgangs umfram önnur börn á sama aldursári, í þann leikskóla.*** Systkinaforangur gildir því eingöngu í leikskóla eldra systkinis, þó þannig að eldra systkinið eigi eftir a.m.k. 6 mánuði af leikskólagöngu við innritun yngra systkinis.

#### 7. Tímabil aðlögunar, dvalarsamningur og uppsögn:

Flest börn eru aðlöguð í leikskólana í ágústmánuði en í vissum tilvikum getur aðlögun þó hafist í lok maí og staðið fram í september.

1. Börn eru innrituð í leikskólana með því að foreldrum þeirra er sent innritunarbréf í tölvupósti frá fræðslusviði. Í innritunarbréfinu kemur fram hvaða leikskóli foreldrum stendur til boða fyrir barn sitt. Í bréfinu kemur einnig fram að foreldrar þurfi að staðfesta leikskólaplássið í viðkomandi skóla *innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins*, ásamt því að láta vita um daglegan dvalartíma barnsins og hvort barnið þurfi á sérúrræði að halda s.s. vegna fæðuofnæmis, veikinda o.s.frv. Berist skóla ekki staðfesting frá foreldrum innan þessara sjö daga, áskilur fræðslusvið sér rétt til að taka barnið af innritunarlistanum og innrita annað barn í staðinn.
2. Þegar foreldrar staðfesta leikskólaplássið gefur skólastjóri upplýsingar um dagsetningu aðlögunar fyrir barnið.
3. Áður en barnið hefur leikskólagöngu undirrita foreldrar dvalarsamning í leikskólanum. **Með undirritun sinni á dvalarsamninginn staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér upplýsingar sem þar koma fram um leikskólaláðjónustu og gjaldskrá leikskólans og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.**
4. Foreldrar skuldbinda sig við ákveðinn skólatíma í að minnsta kosti eina önn (4 mánuði). Þó skal taka mið af aðstæðum foreldra og stöðu skólans ef foreldrar óska eftir breytingu á skólatíma barns. Sótt er skriflega um breytingar á skólatíma barns.
5. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast uppsögn við 1. eða 15. hvers mánaðar. Sumarlokunartími skólans telst ekki til uppsagnarfrests. **Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilvikum vera skrifleg.** Uppsagnareyðublöð má nálgast í hverjum leikskóla.

#### 8. Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla:

Almennur opnunartími leikskóla á Akureyri er frá kl 07:45 til kl 16:15. Skólastarf hefst að morgni og er foreldrum frjálst að velja skólavist fyrir barn í 4 – 8.5 tíma alla virka daga. Foreldrar geta keypt korter fyrir og eftir grunndvalartíma, með 100% álagi.

Leikskólar eru lokaðir í 48 stundir (6 vinnudaga) á ári vegna skipulags- og námskeiðsdaga. Mismunandi er hvort lokað er hluta úr degi eða heila daga. Upplýsingar um dagsetningar lokunar er að finna á skóladagatali leikskóla sem liggur fyrir í hverjum leikskóla að vori. Engin breyting verður á leikskólagjöldum vegna lokunardaga leikskóla.

Leikskólar á Akureyri eru lokaðir í 4 vikur yfir sumartímann, enda er gert ráð fyrir að hvert barn taki að lágmarki 20 virka daga í sumarleyfi. Tímabil lokunar er að finna að skóladagatali leikskólanna.

## **9. Skilyrði fyrir leikskóladvöl:**

**Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns á Akureyri er að lögheimili þess (skv. Þjóðskrá) og föst búseta sé í bæjarfélaginu. Allir foreldrar geta sótt um leikskóla á Akureyri, óháð búsetu, en lögheimili er skilyrði þess að börn geti hafið leikskólagöngu.**

Akureyrarbær niðurgreiðir skólavist barns á einum stað í senn. Því er mikilvægt að uppsagnarfrestir séu virtir. Akureyrarbær greiðir ekki framlag á nýjum stað fyrir en að uppsagnarfresti liðnum, þó að hámarki í einn mánuð miðað við uppsögn 1. eða 15. hvers mánaðar.

## **10. Veikindi barna:**

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um niðurfellingu fæðiskostnaðar. Foreldrum er ráðlagt að hafa samband við skólastjóra til að fá aðstoð við umsókn um niðurfellingu kostnaðar.

## **11. Sérkennsla:**

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangenginni samþykkt um úthlutun sérkennslu frá fræðslusviði.

## **12. Skólaþjónusta:**

Fræðslusvið sinnir sérfræðiþjónustu við leik- og skóla að því er varðar málefni einstakra nemenda. Starfsmenn skóla og foreldrar ásamt starfsmönnum á fjölskyldusviði og heilsugæslu, geta sótt um sérfræðiþjónustu fyrir börn á "Tilvísun til sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla". Umsóknum skal skilað á skrifstofu fræðslusviðs. Foreldrar geta fengið umsóknareyðublöð í leik- og grunnskólum bæjarins og á skrifstofu fræðslusviðs, Glerárgötu 26.

Sem dæmi um vanda barns sem leitað er aðstoðar fyrir má nefna sértæka námserfiðleika, þroskafrávik, hegðunarvanda, einelti og tilfinningalega erfiðleika. Starfsmenn meta vanda barns með prófunum, viðtölum og skoðun á stöðu barnsins og gera tillögur um úrbætur í samvinnu við fjölskyldu og skóla. Nauðsynlegt getur verið að leita eftir þjónustu víðar t.d. á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands eða hjá öðrum aðilum og vísa þá starfsmenn sviðsins á viðeigandi stofnun í samvinnu við foreldra.

## **13. PMTO – styðjandi foreldrafærni og SMT – skólafærni á Akureyri:**

PMTO – foreldrafærni, stendur fyrir "Parent Management Training Oregon aðferð". PMTO er þjónusta við börn, foreldra og skóla sem hefur það meginmarkmið að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika og taka markvisst á hegðun barna með aðferðum PMTO. Unnið er með ákveðin verkfæri sem stuðla að jákvæðari hegðun barns. SMT- skólafærni, (útfærsla á bandarísku aðferðinni positive Behavior Support/ PBS) byggir á hugmyndafræði PMTO. SMT-skólafærni er hliðstæð aðferð og PMTO þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því m.a. að kenna og þjálfra félagsfærni, hvetja æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Akureyrarbæjar:

<https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/pmto-foreldrafærni> eða hjá Guðbjörgu

Ingimundardóttur verkefnisstjóra á fræðslusviði, s: 460-1417.

#### **14. Gjaldskrá og afsláttarflokkar:**

Gjaldskrá leikskóla er tvískipt. Giftir foreldra og sambúðarfólk greiða hærra mánaðargjald en lægra gjald greiða:

- einstæðir foreldrar,
- foreldrar sem báðir eru í fullu námi,
- foreldrar sem báðir eru atvinnulausir,
- foreldrar sem báðir eru 75 % öryrkjar,
- foreldrar þar sem annað er í námi og hitt atvinnulaust eða 75% öryrki.

Lækkun á gjaldi kemur til framkvæmda 1. dag næsta mánaðar eftir framvísun vottorðs.

- Foreldrar í námi þurfa að sýna fram á skólagöngu sína með skólavottorðum í byrjun hverrar annar. Á vottorðinu þarf að koma fram að viðkomandi sé í fullu námi, sem varir að minnsta kosti í eitt ár. Í lok annar þarf að skila staðfestingu um námsframvindu.
- Foreldrar sem slíta samvist eða skilja og óska eftir lægra leikskólagjaldi þurfa að sýna fram á slit hjúskapar eða sambúðar með vottorði frá Sýslumanni.
- Foreldrar sem eru atvinnulausir og falla undir lægra gjaldið verða að skila vottorði frá Vinnumálastofun um hver mánaðarmót.
- Foreldrar sem eru 75% öryrkjar þurfa að skila vottorði frá Tryggingastofnun.

Leikskólagjöld skerðast ekki þrátt fyrir frídaga eða fjarveru barns og tekið er fullt gjald frá 1. degi í aðlögun. Þetta gildir þó ekki alfarið um langveik börn, sbr. samþykkt skólanefndar um rétt langveikra barna. Ef barn er fjarverandi úr leikskóla í 4 vikur samfelld geta foreldrar óskað eftir að fá fellt niður gjald fyrir fæði þann tíma. Tilkynna þarf fjarveruna til skólans og er fæðisgjald leiðrétt eftir á.

#### **Fjölskylduafsláttur:**

Fjölskylduafsláttur er afsláttur af leikskólagjaldi fyrir foreldra sem eiga tvö börn eða fleiri í daggæslu, leikskóla og/eða í frístund grunnskóla.

Til að njóta fjölskylduafsláttar þurfa börn innan sömu fjölskyldu að vera skráð í þjóðskrá á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili.

Fjölskylduafsláttur reiknast af leikskólagjaldi en ekki af fæðisgjaldi.

#### **15. Kostnaður við leikskólagöngu barns:**

Akureyrarbær greiðir að stærstum hluta, kostnað við dvöl barna í leikskólum bæjarins. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum ásamt hráefniskostnaði vegna fæðis barna í leikskólanum.

1. Gjöld fyrir skólagöngu í leikskóla eru innheimt rafrænt eða með boðgreiðslum og birtast kröfur í heimabanka foreldra. Íbúagáttin <https://eg.akureyri.is> veitir bæjarbúum aðgang að ýmsum gagnlegum viðskiptaupplýsinum með einföldum og aðgengilegum hætti. Þar hafa íbúar rafrænan aðgang að öllum reikningum sínum, sem koma frá sveitarfélaginu.
2. Hægt er að óska sérstaklega eftir því að fá sendan greiðsluseðil og þarf þá að senda tölvupóst á netfangið [fjarreidur@akureyri.is](mailto:fjarreidur@akureyri.is) eða hafa samband við fjárreiðudeild bæjarins í síma 460-1000.
3. Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram og er eindagi 15. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir frá og með gjalddaga, sem telst vera dagsetning greiðsluseðils.

4. Ef leikskólagjöld eru ekki greidd fyrir eða á eindaga, fá foreldrar innheimtuviðvörðun þar sem þeim er gefinn ákveðin frestur til greiðslu. Ef skuldin er enn ógreidd 20 dögum eftir eindaga fer hún sjálfkrafa til innheimtu hjá innheimtufyrirtæki.
5. Skuldi foreldrar 3 mánuði er barninu sagt upp í leikskólanum og þá er skuldin komin í innheimtu hjá innheimtufyrirtæki. Barnið eða önnur börn þessara foreldra verða ekki innrituð í leikskóla fyrr en búíð er að gera upp eða semja um skuldina.
6. Vakin er athygli á því að það bætist innheimtukostnaður við skuldina við hvert innheimtubríf sem sent er frá innheimtufyrirtækinu og jafnframt reiknast dráttarvextir á skuldina.
7. Eftir að innheimtufyrirtæki hefur sent skuldara þriðja innheimtubrífíð fer krafan í uppsagnarvinnslu og sendir fræðslusvið út uppsagnarbréf til greiðanda og afrit til leikskóla. Í uppsagnarbréfi er gefinn mánaðarfrestur til að greiða eða semja um skuldina hjá innheimtufyrirtækinu. Sé það gert er viðkomandi leikskóli látinn vita og uppsögn afturkölluð. Sú afturköllun gildir meðan greiðandi stendur við samkomulagið. Hins vegar ef skuldari hvorki greiðir né semur um skuld sína þarf barn að hætta í leikskólanum í lok þessa mánaðarfrests.
8. Sé greiðandi hættur í þjónustu hjá fræðslusviði og á enn ógreidda skuld eftir þriðja innheimtubríf, þá er sent út svokallað lögfræðibréf með auknum kostnaði. Ef skuldin er enn ekki greidd að loknum fresti er hún sett í lögfræðiinnheimtu eða í kröfuvakt. Fjárreiðeideild Akureyrarbæjar tekur endanlega ákvörðun um hvor leiðin er farin.

## **16. Undantekningar frá kröfu um lögheimili á Akureyri og framlag Akureyrarbæjar til annarra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar barna með lögheimili á Akureyri:**

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili. Ef foreldri barns óskar eftir tímabundinni leikskóladvöl fyrir barnið í öðru sveitarfélagi, skal send inn umsókn þess efnis og tilgreindar ástæður umsóknar. Umsóknareyðublöð má nálgast á vef Akureyrarbæjar <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/leikskolar> Í þessum tilvikum skal samþykki lögheimilissveitarfélags, um að greiða Akureyrarbæ hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknum skal skilað á fræðslusvið Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, 600 Akureyri eða á netfangið [fraedslusvid@akureyri.is](mailto:fraedslusvid@akureyri.is)

Við ákvörðun um veitingu undanþágu er gengið út frá viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags, sjá nánar <http://www.samband.is/verkefnnin/skolamal/leikskoli/vidmidunarreglur-um-greidslur-vegna-leikskoladvalar-utan-logheimilissveitarfelags/>

Berist umsókn um tvöfalda skólavist barns í leik- eða grunnskóla er það regla Akureyrarbæjar að hafna slíkri ósk. Samkvæmt álit Sambands íslenskra sveitarfélaga gengur það gegn hagsmunum og þörfum barna að ganga í tvo skóla hvort sem barnið er á leik- eða grunnskólaaldri. Öll lög og reglur mæla gegn tvöfaldri námsvist. <https://www.samband.is/frettir/skolamal/leidbeinandi-alit-um-tvofalda-skolavist-barna>

## **17. Erlendar fjölskyldur:**

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið á Akureyri við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss. Í þeim tilvikum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss á Akureyri. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu á Akureyri, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði á Akureyri.

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Akureyri með eftirfarandi gögnum:

- Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis á Akureyri.
- Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang á Akureyri.
- Hælisleitendur skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram skráningarskírteini hælisleitanda frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Akureyrarbæ um að framfærsla og húsnæði hælisleitanda verði í höndum Akureyrar.
- Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Akureyri þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Samþykkt í fræðsluráði 28.10.2019

Umsóknarfrestur færður til 1. febrúar

2. Innitun - 4. liður

16. Undantekningar ...

Samþykkt í fræðsluráði 21. janúar 2019

Viðbót við 5. lið.

Breytingar á dagsetningum í 1. og 3. lið.

Breytingar á aldursviðmiðum í 2. lið.

Breyting á 3. lið um umsókn um flutning í íbúagátt.

Samþykkt í fræðsluráði 19. febrúar 2018.